



## ERINDISBRÉF

### Starfshópur til að draga úr þjófnaði á hjólum

**Ábyrgðarmaður:** Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, samgöngustjóri

#### Inngangur:

Í aðgerðarkafli hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2021-2025, sem samþykkt var í borgarstjórn 15. júní 2021 er kveðið á um að kanna skuli leiðir til að draga úr þjófnaði á hjólum í samstarfi við lögreglu, tryggingafélög og grasrótarsamtök hjólreiðafólks. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní 2023 var samþykkt tillaga þess efnis að starfshópur verði skipaður með fulltrúum áður nefndra aðila, auk fulltrúa af umhverfis- og skipulagssviði í því skyni að standa við markmið áætlunarinnar að þessu leyti.

#### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að koma með tillögur til að draga úr þjófnaði á hjólum, í samræmi við hjólreiðaáætlun Reykjavíkur.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Hagsmunaaðilagreining
- Samtal við mikilvæga hagaðila
- Leita heimilda um hvað hefur verið gert annarsstaðar í sambærilegum aðstæðum
- Samantekt á umfangi vandans og áskorunum á höfuðborgarsvæðinu
- Tillögugerð
- Kostnaðarmat og tímaáætlun

#### Starfshópurinn skipa:

Kristinn Jón Eysteinnsson (formaður), samgöngur og borgarhönnun (USK).

Grétar Mar Hreggviðsson, samgöngur og borgarhönnun (USK).

[Nafn fulltrúa], fulltúri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

[Nafn fulltrúa], fulltrúi tryggingafélaga.

Birgir Fannar Birgisson, Landssamtök hjólreiðamanna.

Bjartmar Leósson, hjólabjargvættur.

#### Starfsmaður starfshópsins:

Natan Freyr Guðmundsson, samgöngur- og borgarhönnun (USK).

#### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinnur hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.



Reykjavíkurborg

**Starfstímabil og skil:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum, kostnaðarmetnum eftir því sem við á, fyrir lok nóvember 2023.

DRAFT